

**Inngangur.**

Mjög slæmt NA-áhlaup gerði um landið norðvestanvert, það langversta í mörg ár. Mjög mikil veðurhæð um og yfir 40 m/s víða. Mikið snjóáði, snjóflóð féllu, samgöngur fóru úr lagi bæði vegna ófærðar sem og lokana vegna snjóflóðahættu. Sem betur fer urðu ekki slys á fólki í illviðrinu. Á mælum Vegagerðarinnar má sjá á þessu tímabili fjölmargar mælingar þar sem hviður fara vel yfir 60 m/s.

**Atburðarrás.**

Halldór V Magnússon framkvæmdastjóri orkusviðs var kominn í stjórnstöð um kl. 23:00 28. 12. enda veður þá orðið slæmt. Fyrsti útsláttur var á Vesturlínu kl. 00:12. Sett inn aftur.

Milli 2 og 5 sló Breiðadalslína 2 út nokkrum sinnum en fór alltaf inn aftur. Aftakaveður var komið á Gemlufallsheiði.

Kl. 3:54 leysti MJ1 út. Línan sett inn aftur kl. 3:56 og flestir notendur komnir með straum kl. 04:05.

Kl:6:09 fór Vesturlínan út frá Glerárskógum. Línan svarar ekki við innsetningu. Landsnet tilkynnir að ekki muni berast spenna að Mjólka og díselvélar eru ræstar.

Stjórnstöð lætur ræsa varaafsvélar á norðanverðum Vestfjörðum með hringingum í vaksíma OV til þeirra sem ekki eru þegar komnir í stöðvar. Vél 1 á Ísafirði kemur inn á net kl. 06:45 og vél 2 kl. 07:00 og eru þá allar díselvélar komnar inn.

Breiðadalslína 1 slær fyrst út kl. 00:13 29.12. Sett aftur inn 00:21 en slær aftur út kl. 06:00 og kemur ekki aftur inn.

Truflanir verða á Hrafnseyrarlínu skömmu eftir miðnættið og kl. 00:38 29.12 slær hún út og kemur ekki inn aftur.

Tálknafjarðarlína slær út kl. 06:47 þann 29.12 og er úti í 15 mínútur. Er þá sett inn og er í rekstri þar til kl. 18:45 29.12 er hún slær út og kemur ekki inn aftur.

Þar með eru allar 4 línur út frá Mjólka úti.

Díselvélar ræstar á Ísafirði, Bolungarvík, Þingeyri, Flateyri, Súgandafirði og Súðavík.

Díselvélar ræstar á Hólmavík, Reykhólum og Reykjanesi.

Díselvélar ræstar laugardaginn 29.12 á Patreksfirði og Bíldudal.

Keyrsla varaafsvéla gengur vel þar til bilun verður í vélum á Ísafirði þ.a. báðar vélar fara af neti kl.

11:55 laugardaginn 29.12. Hvorug vélin er inni þar til vél 2 kemur inn kl. 15:26. Vél 1 kemur ekki aftur inn fyrr en kl. 01:07 og hefur þá verið úti í rúmlega 13 klst.

Erfitt ástand skapast á Ísafirði auk þess sem vél bilar í Bolungarvík. Reynt er að halda spennu á ákveðnum húsum, lögreglustöð, húsi sem hýsir fjargæslusambönd (gamla pósthúsinu) en það er þó ekki hægt allan tímann á annarri vélinni. Bilun verður í dreifikerfi Holtahverfi sem verður þess valdandi að allt kerfið fer út í tvígang. Þessi bilun er að lokum rakin til aflrofa í spennistöð í Móholti og verður þess valdandi að hús í Holtahverfi verða því miður alltof lengi án rafmagns. Lögð er á það áhersla að hafa kyndistöð Skeiði inni þ.a. hiti haldist á hitaveitu Holtahverfi.

Á meðan þessu stendur er veður mjög vont og fannfergi er mikið, spennistöðvar nánast á kafi sumar hverjar á Ísafirði og í Bolungarvík.

Starfsmenn vinnuflokks rafmagns á Ísafirði eru búsettir allt frá Þingeyri að Bolungarvík auk þess sem óvenju stór hluti er fjarstaddur vegna jólafría. Því er falið að auk þess sem almannavarnarástand er og ekki leyfilegt að ferðast milli hverfa innanbæjar á Ísafirði án sérstakrar undanþágu lögreglustjóra. Ekki er óeðlilegt við þessar aðstæður að við stjórnun dreifikerfisins sé horft til þeirra stöðva sem búnar eru fjarstýringum og ýmist tekin út lágspennudreifing í þeim eða rofar sem taka út aðrar spennustöðvar eina eða fleiri í línu.

Sunnudaginn 30.12 fékkst undanþága frá lögreglustjóra fyrir vinnuflokk að freista þess að komast í Öfundarfjörð til þess að koma dreifbýli Öfundarfjarðar í samkeyrslu með varaafsstöð á Þingeyri. Það heppnaðist og við erfiðar aðstæður tókst að koma spennu á kl. 17:37. Á gamlárskvöldi tókst starfsmönnum OV í Mjólka að koma spennu eftir Hrafnseyrarlínu frá Mjólka og var þá keyrslu varaafli hætt á Þingeyri og Flateyri. Á gamlárskvöldi tókst fyrst að koma rafmagni á Hvilftarströnd en það hafði ekki tekist deginum áður, trúlega vegna seltu í spennistöð.

Ekki tókst að kanna ástand 66 kV lína Landsnets sem liggja frá Breiðadal að Bolungarvík og Ísafirði, þar sem rofar þeirra svöruðu ekki.

Lokaviðgerð á flutningslínunum fór fram á nýjárstag og var þá Mjólkárviðgerð tengd eðlilega að nýju og Hrafnseyrarlína tekin út til viðgerðar.

Engidalsviðgerð slær út við fyrsta útslátt á Vesturlínu og er ekki sett inn fyrr en að morgni laugardags þegar hægt er með aðstoð björgunarsveitar að komast í stöðina. Er inni eftir það. Breiðadalsviðgerð er úti allan tíman þar til vinnuflokkur kemst í aðveitustöð Breiðadal á sunnudegi. Breiðadalsviðgerð keyrir ekki á einangrað net. Tungudalsviðgerð og viðgerð Dalsorku voru alltaf settar á net um leið og færi gafst og voru inni svo til allan þann tíma sem hægt var að koma spennu til þeirra.

### **Önnur svæði.**

Þessir punktar beinast helst að norðanverðum Vestfjörðum en ástandið var mun betra á suðursvæði Vestfjarða, þar sem helst urðu smávægilegar bilanir á Barðastrandarlínu auk áðurnefnds slits á Tálknafjarðarlínu.

Á svæði 3 var slit í Djúpi en þar tókst að halda spennu á húsum í ábúð með viðgerðum í Djúpi ásamt keyrslu varaafli í Reykjanesi. Slit og selta tók út norðurlínu í Árneshrepp en ástæða langs útitíma þar er fyrst og fremst veðurfaraleg skilyrði sem hömluðu því að vinnuflokkur kæmist til viðgerðar. Árneshreppur var án rafmagns í rúmlega þrjá og hálfan sólarhring. Rafmagn komst á um kl.19:30 á nýjárstags kvöld.

Gert var við slit í Gilsfirði. Á Gufudalshálsi slitnaði Kollafjarðarlína og 6 staurar brotnuðu. Aðstæður þar voru mjög erfiðar og vont að komast að bilunarstað. Farið var síðast í þessa bilun þar sem engin hús í ábúð voru rafmagnslaus.

## **Fjarskipti.**

Fjarskipti fóru nokkuð úr skorðum þessa daga. Fjarskipti eiga auðvitað ekkert að fara úr skorðum. Bent hefur verið á margoft að í verstu tilfellum eins og nú er ný yfirgengið þá dugar varaafli á sendum til eins eða tveggja sólarhringa ekki. Verstu tilfelli eru að valda lengri útleysingu þótt það gerist bara kannski einu sinni á 10 árum. Þetta vita fjarskiptafyrirtækin. Við hjá OV reiðum okkur á Tetra kerfið og það er gríðarlega mikilvægt að það sé inni allan tímann. Bæði er Tetra kerfið notað til samskipta en einnig er notuð ferilvöktun þar sem starfsmenn leggja sig í mikla hættu við vinnu við varasamar aðstæður eins og raunin var margoft þessa daga. Fulltrúar OV munu á næstu dögum eiga fund með fulltrúum Tetra og við munum í samstarfi, gera okkar besta til þess að í lengstu lög skapist þessar aðstæður ekki aftur.

## **Upplýsingagjöf.**

Starfsmenn og þá helst stjórnendur hefðu getað gert betur hvað upplýsingagjöf varðar. Við lærum af þessu og gerum án efa betur næst. Það eru gefnar út tilkynningar og við erum í sambandi við almannavarnir. Okkur á stjórnvakt er það fullkunnugt að fólk í rafmagnsleysi er ekkert endilega að leita upplýsinga á heimasíðu fyrirtækisins. Þess vegna óskuðum við því eftir því í samtölum okkar við útvarpið og aðra miðla að þeir kæmu skilaboðum okkar áleiðis til þeirra sem hlustuðu. Við höfum nú þegar átt upplýsingafund með fagaðila varðandi notkun samskiptamiðla á borð við facebook og twitter.

Þessa daga þá voru samtöl okkar á stjórnvakt við lögreglu og almannavarnir talin í mörgum tugum og við á stjórnvakt töluðum oft við alla helstu fjölmiðla landsins. Það sem við gerðum ekki var að hafa frumkvæði að því að ákveðnar tilkynningar væru lesnar upp í fréttatímum. Það hefðum við etv átt að gera og lærum af því. Það sem við gerðum heldur ekki var að óska eftir því við almannavarnir að þeir sendu út sms á ákveðna fjarskiptasenda. Þetta hefðum við getað gert en hugkvæmdist ekki, enda þetta kerfi til prufu og okkur var ekki boðinn þessi möguleiki að fyrra bragði. Notkun þessa sms kerfis verður skoðað hjá neyðarstjórn OV og á samráðsvetfangi rafveitna.

Tilkynningar frá stjórnvakt fóru framhjá mörgum, við vitum það en þeir sem fylgdust með þeim voru líka nokkuð margir. Við báðum fólk að fara sparlega með rafmagnið og teljum við að það hafi haft áhrif á það hversu vel þó gekk að koma rafmagni til viðskiptavina þegar álagið var sem mest seinnipart gamlársmiddags og fram yfir kvöldmat.

## **Viðbrögð.**

- Ljúka þarf vinnu í samstarfi með Landsneti og taka ákvarðanir sem tryggja markvissa endurnýjun varaafli á norðanverðum vestfjörðum.
- Halda þarf áfram markvisst að koma dreifilínunum í jörðu.
- Setja þarf jarðspennistöðvar í stað stauraspennistöðva þar sem ísing og selta er ríkjandi.
- Bæta þarf varaafli alls fjarskiptabúnaðar.

- Auka þarf samvinnu viðbragðsaðila, Orkubús, lögreglu, Vegagerðar, fjarskiptafyrirtækja og almannavarnar.
- Orkubú þarf að eiga fulltrúa í almannvarnarnefndum.
- Bæta þarf og þróa upplýsingagjöf frá Orkubúi í straumleysi

### **Tjón.**

Tjón á dreifikerfi OV verður að teljast óverulegt miðað við aðstæður:

- Tvær stæður í Hrafnseyrarlínu í Arnarfirði brotna.
- Sex stæður í Kollafjarðarlínu brotna á Gufudalshálsi.
- Vír slitnar á Kollafjarðarlínu, Gilsfjarðarlínu og Barðastrandalínu.
- Vír slitnar í Norðurlínu og línunum í Ísafjarðardjúpi.

Í flutningskerfi Landsnets verða bilanir á öllum línunum til og frá Mjólkárvirkin.

- Mjólkárína fennir í kaf og brotnar við Kamb í Reykhólasveit.
- Í Geiradalslínu brotna tvær stæður í Sælingsdal.
- Tálknafjarðarlína slitnar ofan Fossfjarðar.
- Breiðadalslína1 bilar í sveig á brún Flatafjalls við Kjaransstaðardal.

## **Varaafli.**

### **Inngangur.**

Rekstur varaafllsvéla Orkubúsins eru hluti af gæðakerfi fyrirtækisins, þar sem bæði viðhald og reglulegar gangsetningar þeirra er viðhöfð til að tryggja sem best að þær eru ávallt tiltækar í bilanatilvikum í flutningskerfinu.

Afl eldsneytisstöðva Orkubúsins er 20 MW, rafstöðvarnar 13 talsins og þar af ein grunnaflstöð sem er Flatey á Breiðafirði. 23 vélar eru í 12 rafstöðvum, sem kallast varaflsstöðvar. Meðalaldur vélanna er hár og ekkert óeðlilegt að einhverjar bili í keyrslu. Komi upp bilin, þá er strax hafist handa við viðgerðir, svo viðkomandi vél sé tiltæk þegar á þarf að halda næst. 29. desember s.l. við upphaf keyrslu voru allar vélar Orkubúsins í lagi.

### **Bilun í flutningskerfi raforku og staðhættir.**

Vatnsaflsvirkjanir á Vestfjörðum eru hluti af varaafli svæðisins og t.d. hefur það ekki gerst síðan 1995 að Mjólkárviðveitun komi ekki neinni orku frá sér, sem er 10,6 MW í afli. Allar þrjú línur Landsnets, bæði innkomandi í Mjólká og einnig línur til norður- og til suðursvæðis Vestfjarða biluðu, auk línunnar frá Glerárskógum að Geiradal. Flutningskerfi Orkubúsins var hinsvegar í lagi, nema varaleiðin frá Mjólká til norðursvæðis Vestfjarða. Einungis örfár dreifilínur biluðu og þegar það gerist, þá er ekki hægt að miðla varaafli til sömu staða. Ein undantekning er Sængurfossvirkjun, sem gat þjónað Mjóafirði og hluta af Ögursveit, á meðan dreifilínan um Vatnsfjörð var biluð.

Þegar svona háttar til, þá reynir meira á varaflsvélarnar og samkeyrsla í mörgum rekstrareiningum á viðkomandi svæði erfiðari. Þó gekk keyrslan vel á Hólmavíkur-, Reykhóla- og Patreksfjarðarsvæðinu. Þrjár díselvélar á Ströndum og í Djúpinu ásamt virkjunum á svæðinu héldu upp kerfinu þar og hluta af Reykhólahrepp gegnum aðveitustöðina í Geiradal.

Vélin á Reykhólum var í eyjakeyrslu vegna truflana frá Gufudalssveit. Rafstöðin á Patreksfirði, Bíldudal og tvær vatnsaflsvélar voru í samkeyrslu allan tímann og gekk vel. Allar díselvélar á svæðinu voru notaðar ásamt tveimur einkavirkjunum. Á Patreksfjarðar-, Reykhóla- og Hólmavíkursvæðinu eru allt í allt 11 vélar samtals 8,3 MW og þurfti að nota þær allar nema þá minnstu. Engin truflun varð á ofangreindum stöðum á meðan á keyrslu vélanna stóð, en huga þarf að viðgerð á einni vél eftir keyrslu og er það önnur vélin á Bíldudal. Viðgerð á henni líkur í þessari viku.

### **Helstu bilanir og afleiðingar.**

Á norðanverðum Vestfjörðum eru 12 vélar og komu upp bilanir í þremur vélum sem voru báðar vélarnar á Ísafirði og þær stærstu í eigu Orkubúsins auk einnar vélar í Bolungarvík, samtals 5,3 MW af 11,7 MW á norðanverðum Vestfjörðum. Einhverjar truflanir urðu á stjórnþúnaði vélarinnar á Suðureyri, en það leystist á skömmum tíma án teljandi vandræða. Önnur vél til viðbótar í Bolungarvík

og önnur vél af tveimur í Súðavík sýndu hækkun á skolvatnshita í lok keyrslu beggja vélanna og skoðun og lagfæringum á þeim er yfirstaðin.

Vél I á Ísafirði var biluð í 13 klst, Vél II í rúmar 3 klst og vél III í Bolungarvík í enn lengri tíma, bæði fór heddpakkning í upphafi keyrslunnar sem tók 4 -5 klst að gera við og á endanum var vélin tekinn úr rekstri kl. 19.30 þann 30. des. vegna óhljóða í gangverki. Í það minnsta er einn stimpill bilaður og þessa stundina er verið að kanna ástand vélarinnar í heild. Engin vélræn bilun var í vélunum á Ísafirði, heldur var um að ræða bilun í stjórnbúnaði beggja vélanna. Endanleg viðgerð lokið á annarri vélinni, en beðið er eftir varahlutum í hina. Þó er hægt að nota þá vél í neyð, því nú er vitað hvaða virkni í stjórnbúnaðinum er ekki í lagi.

Eftir stendur sem mesta truflunin hvað varaafsvélarnar varðar, er að báðar vélarnar á Ísafirði bila á sama tíma, eða frá hádegi 29. Des til kl. 16. Ólík bilun í stjórnbúnaði á sitthvorri vélinni. Ekki er enn vitað um orsök. Þá um leið detta út tvær virkjanir af þremur sem voru í samkeyrslu með díselvélunum. Vatnsvélarnar í Engidal, samtals 1,1 MW eru hæfar til að keyra í eyjakeyrslu, en þessar gömlu vélar eru án fjarstýringar og ekki hægt að nota þær nema koma manni á staðinn sem ekki var hægt vegna veðurs. Þær duttu út við fyrsta útslátt um kl. 01.00 29. des og voru ekki settar inn fyrr en veður slotaði, eða kl. 13.00 30. des. Tungudalsvirkjun er 0,7 MW og ekki hægt að koma orku frá henni án þess að vera í samkeyrslu. Dæling í dreifikerfi hitaveitnanna hafði heldur ekki rafmagn og engan hita að hafa í þessa þrjá tíma í öllum Skutulsfirðinum. Breiðadalsvirkjun tengist aðveitustöðinni í Breiðadal, en sú stöð var óvirk líklega vegna seltu.

Í Bolungarvík bilaði einungis ein vél af þremur. Hér á eftir verður fjallað um olíuskort þar, en þess var gætt að alltaf var nóg til fyrir eina vél. Hitaveitan hafði því ávallt rafmagn til rekstursins og vatnsaflsvirkjun staðarins var ávallt í tengingu. Þannig var hægt að nýta allar framleiðslueiningarnar sem best eftir aðstæðum hverju sinni ólíkt Ísafirði. Að lokum má nefna að bæði á Flateyri og á Þingeyri er uppsett afl í rafstöðvunum ekki nægjanlegt til að anna þörfinni á báðum þessum stöðum þegar kalt er í verðri. Skömmtun þar var því nauðsynleg.

### ***Olíuskortur.***

Hvergi þurfti að draga úr framleiðslu vegna olíuskorts, nema í Bolungarvík. Nægar olúbirgðir voru til í bænum en enginn olíuflutningabíll á staðnum og hefði neyðrástand ríkt, þá hefði verið farið út í að útvega olúkálfa hjá verk tökum eins og gert var, bæði á Þingeyri og í Súðavík og olían flutt þannig í smærri skömmtun. Tvær vélar af þremur voru stöðvaðar frá kl. 10.00 30. des í rúma tvo tíma, eða þangað til olúbíllinn var kominn frá Ísafirði. Eyrarhlíð var þá opnuð eftir snjóflóð.

Olúgeymirinn var að vísu ennþá með 7.000 lítra, en kuldinn olli því að dæling stöðvaðist og ekki hægt að ná þessu magni neðst úr geyminum. Það hafði aldrei reynt á þetta fyrir í Bolungarvík, svo framvegis

verður keypt olía þar með minna vaxinnihaldi svo frostþolið verði meira. Það breytir ekki því að magnið var ekki nægjanlegt til að halda út allt keyrslutímabilið og það sama átti við um Súðavík og Þingeyri. Í samráði við birgja Orkubúsins var ákveðið að selflytja olíu af höfnum viðkomandi staða sem ætluð er smábátum og koma henni í geyma rafstöðvanna. Á gamlársgang var hægt að koma olíu á Þingeyri og Suðureyri, en ekki fyrir en á nýjársgang til Súðavíkur vegna samgönguleysis. Að venju er síðan fyllt á við fyrstu hentugleika á alla olíugeymana, svo allar rafstöðvarnar hafa nægt eldsneyti til næstu keyrslu.

Sú þróun hefur átt sér stað á undanförunum árum, að olíubirgðastöðvum olíufélaganna fer fækkandi og stærri hluti olíunnar dreift með bílum. Samgöngur landleiðina eru því að verða meiri og meiri áhrifavaldur. Rafstöðvar Orkubúsins eru margar og dreifðar, en með styrkingu á rafdreifikerfinu með tilkomu jarðstrengja, þá gefst tækifæri til að fækka stöðvunum og stækka. Þetta tvennt þarf að skoða í samhengi og jafnvel auka geymslurými frá því sem nú er í mikilvægustu stöðvunum.

Það er eðlilegt að fara í gegnum helstu þætti sem ekki virkuðu sem skyldi þessa daga á meðan óverðrið og samgönguleysi gekk yfir. Laga það sem hægt er með betri skipulaginu og minniháttar fjárfestingu. Allar stærri fjárfestingar í varaafli þarf að skoðast í stærri samhengi, eins og bæta flutningskerfið, auka afl vatnsaflvirkjana, auka hlutdeild hitaveitna svo eitthvað sé nefnt.

### **Lokaorð.**

Það er ljóst að í þessu veðuráhlaupi uppfyllti Orkubú Vestfjarða ekki væntingar viðskiptavina sinna og biðjumst við afsökunar á þeim óþægindum sem af rafmagnsleysinu hlaut.

Því hefur verið haldið fram að fjórar varaafsstöðvar hafi verið bilaðar þegar á þurfti að halda. Það skal áréttað að allar varaafsstöðvar voru í lagi þegar á þurfti að halda. Vélar biluðu í keyrslu. Það er miður, en getur gerst. Varaafsvélar eru undir stöðugu eftirliti og fasaðar við kerfið í hverjum mánuði. En eins og öll mannanna verk þá geta þessar vélar bilað, sem þær gerðu því miður.

Hefðu vélar ekki bilað hefði ekki orðið jafn langt og víðtækt rafmagnsleysi á Ísafirði. Þarna spiluðu saman gríðarlega erfiðar aðstæður, slæm færð og almannavarnarástand. Okkur bárust boð um aðstoð frá öðrum veitum, svo sem frá RARIK og það ber að þakka. Vegna aðstæðna, færðar o.þ.h. var ekki talin þörf á þeirri aðstoð enda þá orðið ljóst að ástand flutningskerfisins var alvarlegra annarsstaðar.

Vegna bilana í varaafsvélum á Ísafirði og í Bolungarvík ásamt bilun í spennistöð Ísafirði, þá voru sum hverfi lengi án rafmagns. Eftir á að hyggja þá hefði kannski mátt dreifa því litla afli sem þó var tiltækt öðruvísi, en því verður ekki breytt héðan af. Af þessu lærum við. Því má heldur ekki gleyma að þau heimili sem lengst voru án rafmagns voru í dreifbýli. Sveitirnar í Önundarfirði voru án rafmagns í tæpa tvo sólarhringa og íbúar Árneshrepps voru án rafmagns í rúmlega þrjá og hálfan sólarhring. Dæmi eru um enn lengra rafmagnsleysi í einstaka húsum. Nú er mikilvægt að fram fari vinna þar sem allir aðilar skoði þessa atburðarrás og komi með lausnir á þeim fjölmörgu atriðum sem hægt er að bæta.

Ísafirði 10. janúar 2013

Halldór V Magnússon  
Framkvæmdastjóri rafveitusviðs.

Sölvi R Sólbergsson  
Framkvæmdastjóri rafveitusviðs.

Kristján Haraldsson  
Orkubússtjóri



# Tilkynningar á heimasíðu OV

4. janúar 2013 kl. 09:52

## Útslættir í Inndjúpi í gærkvöldi

Í gærkvöldi um kl. 21:00 fór að slá út rafmagn í Djúpi. Sendir voru menn frá Hólmavík til að leita að bilunninni. Hún fannst í teinrofa sem er við bæinn Keldu. Rofinn var illa brunninn eins og sjá má myndinni. Þessi bilun er sannarlega eftirstöðvar óveðursins um áramótin og hefur sennilega logað yfir hann vegna seltu síðan þá.

4. janúar 2013 kl. 08:39

## Kollafjörður Gufudalsháls

Vélar eru ekki enn komnar að bilunarstað við Galtará vélamenn komu heim kl.03:00 farnir af stað aftur, voru komnir í efstu brekku Kollafjarðarmegin.

3. janúar 2013 kl. 15:20

## Drangsnslína

Drangsnslína verður tekin út í smá tíma vegna lagfæringar kl.16:00 díselvél á Drangnesi keyrð á meðan. Einnig er verið að vinna við línuna við Hrófberg. Hvortveggja er vegna skemmda sem varð í óveðrinu um áramótin.

3. janúar 2013 kl. 11:56

## Kollafjörður Gufudalsháls

Bilun er á Gufudalshálsi við Galtará, brotnir fjórir staurar og vírslit. Mjög erfitt er að komast að þessum stað, verið er að koma tækjum á staðinn. Rafmagnslaust er í öllum Kollafirði og Kletthálsi. Ekki er vitað hvenær viðgerð líkur.

3. janúar 2013 kl. 11:37

## Ísafjarðardjúp

Rafmagn var komið á allt í Ísafjarðardjúpi um miðnætti s.l. er því engin skömmtun þar lengur.

2. janúar 2013 kl. 09:05

## Tálknafjarðarlína sló út.

Uppfært kl. 09:20 - Tálknafjarðarlína sló út kl. 9:00 og var sett inn strax aftur.

Línan hélst inni í skamman tíma en sló þá út aftur.

Ekki verður reynd frekari innsetning að svo stöddu og er búið að hefja keyrslu varaafslvéla á svæðinu.

Ástæða útsláttar er ókunn en farið verður í bilanaleit við fyrsta tækifæri.

1. janúar 2013 kl. 16:28

## Keyrslu díselvéla að mestu lokið

Rafmagn er komið á allar flutningslínur og hefur keyrslu varaflsvéla verið allstaðar hætt nema í Reykjanesi í Ísafjarðardjúpi. Eitthvað er línubílanir í Ísafjarðardjúpi og verður haldið áfram með viðgerðir þar á morgun. Unnið er að viðgerðum í Árneshreppi.

1. janúar 2013 kl. 16:25

## Rafmagn frá landskerfinu komið á Hólmavík og Reykhóla

Rafmagn frá landskerfinu er nú komið á Hólmavík og Reykhóla og díselkeyrslu er lokið þar.

Ritað kl. 16:34

1. janúar 2013 kl. 14:53

## Viðgerð lokið á flutningslínunum

Viðgerð er lokið á flutningslínunum Landsnets á Vestfjörðum. Nú er verið að hreinsa ísingu í tengivirki í Mjólkárverkjun til að geta tengt saman flutningslínur. Ísafjörður og Bolungarvík hafa nú tengst Mjólkárverkjun í gegnum línur OV og hefur keyrslu díselvéla verið hætt í Súðavík og á Suðureyri.

Þessa stundina er verið að vinna í því að koma rafmagni til Hólmavíkur og Reykhóla frá tengivirki Landsnets í Geiradal.

Unnið er að því að koma rafmagni á línur í Árneshreppi og í Ísafjarðardjúpi. Vitað er um brotna staura á Gufudalshálsi.

Tilkynning rituð kl. 15:15

1. janúar 2013 kl. 10:38

## Staða mála á nýársdagsmorgni.

Starfsfólk Orkubús Vestfjarða óskar viðskiptavinum sínum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

Viðgerðaflokkar eru nú lagðir af stað til viðgerða á rafmagnslínunum.

Frá Hólmavík fer vinnuflokkur á Trékyllisheiði og skoðar Norðurlínu yfir í Árneshrepp.

Frá Patreksfirði fer vinnuflokkur til viðgerða á Tálknafjarðarlínu.

Frá Ísafirði fer vinnuflokkur til viðgerðar á Breiðadalslínu eitt þar sem bilun fannst upp af Kjaransstaðardal.

Í gærkvöldi tókst að koma spennu frá Mjólká til Öndarfjarðar eftir að starfsmenn í Mjólkárverkjun höfðu lagfært Hrafnseyrarlínu. Díselkeyrslu lauk á Flateyri og Þingeyri á tíunda tímanum í gærkvöldi.

Ekki tókst að koma spennu frá Breiðadal til Ísafjarðar og Bolungarvíkurlínu og er ennþá keyrt varaafli þar ásamt því sem díselvélar eru keyrðar í Súðavík og á Suðureyri.

Vonir standa til þess að keyrslu varaafls á þessu svæði ljúki um miðjan dag í dag eftir viðgerðir.

Í Ísafjarðardjúpi er nokkuð tjón á línunum en rafmagn er á öllum húsum með búsetu eftir því sem best er vitað.

Landsnet á von á að vinnu við Geiradalslínu í Sælingsdal ljúki í dag og verður þá hægt að ljúka díselkeyrslu á Hólmavík og Reykhólum sem sjá Ströndum og Reykhólasveit fyrir rafmagn ásamt Þverárvirkjun.

Ísafirði. kl. 10:55

31. desember 2012 kl. 20:29

## Spenna á Hrafnseyrarlínu.

Spenna er nú komin á Hrafnseyrarlínu og er verið að taka upp álag frá Mjólka. Frekari truflanir verða á afhendingu rafmagns í Öfundarfirði dreifbyli og sveitum Dýrafjarðar.

31. desember 2012 kl. 09:55

## Rafm.skömmun á Ísafirði

Vegna takmarkaðs afls verða fyrirtæki tekin út um hádegið. Reynt verður að halda inni rafmagni hjá einstaklingum eins og kostur er. Þurfi að grípa til frekari skammtanna eftir hádegi í húsahverfum verður það tilkynnt með fyrirvara hér.

Ekkert hús verður án rafmagns í meira en 90 mínútur í skömmunum.

Fólk er minnt á að fara sparlega með rafmagn.

30. desember 2012 kl. 20:43

## Skömmun á Ísafirði í kvöld

Vegna mikils álags er óhjákvæmilegt að skammta rafmagn á Ísafirði í kvöld. Reynt verður eftir fremsta megni að halda rafmagn á íbúðarhúsum.

30. desember 2012 kl. 20:29

## Bilanir á Ströndum, í Gilsfirði og Ísafjarðardjúpi

Rafmagnslaust er enn í Árneshreppi og ekki verður hægt að reyna viðgerð á línunum fyrr en á morgun. Bilun er á Bjarnarfjarðarlínu en vonast er til að viðgerð ljúki nú í kvöld. Vírslit eru á Gilsfjarðarlínu og stendur viðgerð yfir. Á Hólmavík eru allir notendur með rafmagn frá díselrafstöðvum og Þverárvirkjun. Í Ísafjarðardjúpi er rafmagnslaust fyrir vestan Reykjanes og er viðgerðarflokkur að reyna að koma rafmagn á.

30. desember 2012 kl. 19:54

## Rafmagn komið á sveitina í Öfundarfirði

Rafmagn er komið á sveitina í Öfundarfirði. Einnig komst rafmagn á mikilvægt fjarskiptahús í firðinum Skammtanir verða í Dýrafirði a.m.k. fram eftir kvöldi. Rafmagn fór af Hnífsdal um kl 19:30 og er komið rafmagn á hluta bæjarins og verið er að vinna í að koma rafmagn á allan bæinn.

Ef veður og snjóalög leyfa verður leitað að bilunum á línunum Orkubúsins og Landsnets á morgun. Ef ekki verður unnt að

gera við línur og þannig tengjast Mjólkárviðkjún er fyrirsjáanlegt að grípa verði til frekari skammtana eftir hádegi á morgun gamlársgdag.

Búið er að gera við Barðastrandarlínu og eru allir á sunnaveðum Vestfjörðum með rafmagn frá díselrafstöðvum og vatnsaflsvirkjunum.

30. desember 2012 kl. 16:22

## Viðgerðarflokkur á leið í Breiðadal

Viðgerðarflokkur er lagður af stað frá Ísafirði yfir í Breiðadal í Öndarfirði til að reyna að koma rafmagn á sveitirnar í firðinum en tekist hefur að koma rafmagn að Breiðadal frá Þingeyri. Rafmagn er komið á allstaðar á Ísafirði. Búið er að hreinsa ísingu af sveitalínu í Dýrafirði sem hafði verið biluð síðan í gær og komst rafmagn á hana upp úr klukkar tvö í dag. Rafmagn er skammtað í Dýrafirði. Snjóflóð féll á Hrafnseyrarlínu við Gljúfurá í Arnarfirði og er verið að meta aðstæður til viðgerða.

30. desember 2012 kl. 11:21

## Bilanleit - Snjóflóðahætta

Vegna snjóflóðahættu er lokað á Vestfjörðum um Súðavíkurlíð, Eyrarhlíð, Botnsdal, Breiðadal og Flateyrvæg.

Almannavarnarnefnd fundar núna kl. 11:00 og verður stjórnstöð OV upplýst um frekari ákvarðanir.

Beðið er eftir heimild til að senda vinnuflokk í Öndarfjörð til að reyna að koma spennu á sveitina og til línuskoðanna.

Þjörgunarsveit leitar bilanna á sveitalinum í Dýrafirði og á Tálknafjarðarlínu.

Mikil selta er á tengivirkjum semgæti þurft að skola af víða.

Töf hefur verið á olíuafhendingu vegna færðar og lokanna vega.

30. desember 2012 kl. 02:44

## Ísafjörður kominn með rafmagn

Rafmagn er komi á á Ísafirði. Þó hefur ekki verið hægt að koma rafmagn á lítið svæði í kringum fyrrum sorpbrennslustöðina Funa vegna bilunar sem talin er vera á Arnardalslínu sem tengist spennistöðinni í Funa. Báðar díselvélnar á Ísafirði eru í gangi ásamt Tungdalsvirkjun og virkjun Dalsorku í Súgandafirði. Vélakeyrsla er óbreytt á öðrum stöðum.

29. desember 2012 kl. 19:57

## Díselkeyrsla í gangi víðast hvar

Enn er önnur varaafsvélin biluð á Ísafirði og er unnið að viðgerð. Hin vélin sér hluta bæjarins fyrir rafmagn með aðstoð tveggja vatnsaflsvirkjana. Rafmagn er skammtað eins og hægt er. Bilun er í spennistöð Móholti í Holtahverfi og ekki hefur tekist að koma rafmagn á hana og spennistöðvar tengdar henni.

Varaafsvélar eru í gangi í Bolungarvík sem sjá Hnífsdal einnig fyrir rafmagn. Varaafsvélar eru einnig keyrðar í Súðavík, Suðureyri, Flateyri, Patreksfirði og á Bíldudal. Barðastrandarlína er biluð og er því ekki rafmagn á bæjum þar í kring. Bilun er einnig á sveitalínu í Dýrafirði. Ekki hefur verið hægt að koma rafmagn á sveitir í Öndarfirði.

Tálknafjarðarlína, Breiðadalslína 1 og Mjólkarlína 1 sem eru í eigu Landsnets eru bilaðar og því er ekki hægt að koma rafmagni frá Mjólkárirkjun.

29. desember 2012 kl. 13:12

## **Bilanir i varaflsvélum.**

Bilanir hafa komið upp í varaflsvélum, bæði í Bolungarvík og Ísafirði. Viðgerð á vélum stendur yfir og verður hafin díselkeyrsla aftur á Ísafirði um leið og hægt verður og stutt er í að viðgerð ljúki í Bolungarvík. Almannaþingurinn hefur ákveðið að vélkeyrslumaður í Súðavík yfirgefi rafstöð vegna ofanflóðahættu. Vél verður skilin eftir í gangi og vonast er eftir því að hún gangi þar til leyfi fæst til að kanna aðstæður. Rafmagnsnotendur á vestfjörðum eru beðnir að spara rafmagn eins og hægt er.

29. desember 2012 kl. 10:15

## **Skammtanir á norðanverðum Vestfjörðum**

Skammtanir eru í gangi á Norðanverðum Vestfjörðum og eru notendur beðnir um að spara rafmagn eins og hægt er. Ekki hefur tekist að koma rafmagni á sveitalínur í Önundarfirði og Dýrafirði. Bilanir eru víða á háspennulínum og er tenging Vestfjarða við landskerfið úti og tenging milli Mjólkárirkjunar og Norðanverðra Vestfjarða er einnig biluð.

29. desember 2012 kl. 08:17

## **Varafl keyrt á Vestfjörðum**

Bilanir eru á háspennulínum á Vestfjörðum og eru díselvélar keyrðar.

29. desember 2012 kl. 04:50

## **Breiðadalslína 2 sló út.**

Breiðadalslína 2 sló út kl. 04:46. Línan var strax sett inn aftur. Við þetta fór rafmagn af Dýrafirði í um eina mínútu.

29. desember 2012 kl. 04:25

## **Truflun á Vesturlínu**

Kl. 3:54 leysti MJ1 út og þar með urðu Vestfirðir rafmagnslausir. Línan var sett inn aftur kl. 3:56 og flestir notendur komnir með straum kl. 04:05.

29. desember 2012 kl. 03:02

## **Breiðadalslína 2 sló út.**

Breiðadalslína 2 sló út í tvígang kl. 02:07 og 02:28. Línan var strax sett inn aftur í bæði skiptin. Við þetta fór rafmagn af Dýrafirði í um 2 mínútur í hvort skiptið.

Breiðadalslína 2 fer yfir Gemlufallsheiði og ef marka má vef Vegagerðarinnar þá hefur vindur verið þar í 30 m/s úr hánorðri og slegið yfir 60 m/s í hviðum. Hiti fer heldur lækkandi og er það vel hvað varðar ísingarhættu á háspennulínunum til fjalla.

29. desember 2012 kl. 02:56

## **Vesturlína sló út**

Kl. 00:12 varð kerfishrun á Vestfjörðum er Vesturlína leysti út. Línan kom inn kl. 00:17 og mest allt álag var komið inn kl 00:25. Lengstan tíma tók að ná spennu að Þingeyri og nágrenni vegna sambandsleysis í fjargæslu.